

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akureyrar.

I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.-mæli á kr. 11.80 hverja kwst.
2. Um kwst.-mæli á kr. 3.45 hverja kwst. auk fastagjalds er nemi kr. 1 750.00 á ári fyrir 25 m² gólfplöt eða minna af rúmi því, er lýsa skal og kr. 51.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m². Þennan gjaldskrárlið má nota í verzlunum fyrir kæliskápa og einfasa mótora upp að 3 kw. og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kw. sem svarar til gjalds fyrir 38 ferm. gólfplatar.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um tvo kwst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Á ljósamælinn reiknast ljósagjald kr. 11.80 á kwst. en á hinn mælinn kr. 2.70 á kwst.
2. Um einn kwst.-mæli fyrir alla notkun á heimilinu á kr. 2.24 á hverja kwst. auk þess greiðast fastagjöld kr. 1.44 á mán. af hverjum fermetra gólfplatar íbúðar. Við útreikning á gólfleti skal telja öll herbergi og eldhús, enn fremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.
3. Sértexti Sundlaugar Akureyrar. Kr. 2.23 á kwst. og fastagjald ákveðið af stjórn rafveitunnar.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.-mæli á kr. 5.70 fyrir hverja kwst. Þó skal minnsta árgjald vera kr. 750.00 á hvert kw. í málraun vélanna.
2. Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kw. er að ræða og notkunartími er meira en 1000 klst. á ári, greiðist kr. 1 880.00 fyrir hvert kw. upp að 50 kw. og kr. 0.96 á kwst. fyrir fyrstu 200 000 kwst. ársnotkun.
3. Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kw. er að ræða og notkunartími er meira en 1000 klst. á ári, greiðist kr. 1 670.00 fyrir hvert kw., sem er fram-yfir 50 kw. og kr. 0.90 á kwst. fyrir umfram 200 000 kwst.
4. Ef um meira en 30 kw. er að ræða og ársnotkunin er meiri en 1000 kwst. á ári, á kr. 3.35 hverja kwst.
5. Um kwst.-mæli á kr. 3.50 fyrir hverja kwst. til búreksturs.
6. Um kwst.-mæli á kr. 0.43 og kr. 0.38 fyrir hverja kwst. og kr. 3 560.00 á kw. Sér samn.
7. Um kwst.-mæli á kr. 0.40 kwst. Háð oliuverði. Sér samn.

D. Hitun.

1. Um kwst.-mæli á kr. 0.75 hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn með klukkurofa í þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um tvígjaldsmæli á kr. 1.02 hverja kwst. frá kl. 8 til kl. 23.
3. Um tvígjaldsmæli á kr. 0.58 hverja kwst. frá kl. 23 til kl. 8.

4. Um kwst.-mæli á kr. 0.43 hverja kwst. ef straumurinn er rofinn frá kl. 8 til 23.
5. Sértaxti Sundlaugar Akureyrar til hitunar kr. 0.44 og D-6 á kr. 0.39 frá 1. maí til 1. október.

E. Til hitunar í iðnaði.

1. Um kwst.-mæli á kr. 1.53 hverja kwst., enda sé þá minnsta notkun 10 000 kwst. á ári.
2. Um tvígjaldsmæli á kr. 1.96 hverja kwst. frá kl. 8 til kl. 23.
3. Um tvígjaldsmæli á kr. 0.96 hvreja kwst. frá kl. 23 til kl. 8.
4. Rafmagn til súgþurrkunar á kr. 1.15 fyrir hverja kwst.

Önnur notkun:

1. Rafveitustjórn getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

II. MÆLALÆIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

Teg. mælitækis:	Upp að 30 A. kr.	35—50 A. kr.	50—100 A. kr.	100—500 A. kr.	Yfir 500 A. kr.
1-fasa kwst.-mælar	180.00	209.00	228.00	—	—
3-fasa kwst.-mælar	288.00	430.00	509.00	946.00	2 081.00
Tvígjalds og mestastr.-mælar	—	569.00	946.00	1 523.00	3 052.00
Klukkurofar og skiptiklukkur	726.00	—	—	—	—

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir endurofnun veitunnar, kr. 100.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru óleyfileg vör við skoðun, eða of stór, skal loka veitunni tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 100.00 á skrifstofu rafveitunnar.

IV. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal miða við flutningsgetu heimtauganna samkvæmt töflunni, sem hér fer á eftir. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 metrum eða loftlínu fram úr 30 metrum, skal húseigandi greiða yfirlengdargjald eins og taflan sýnir. Þetta gildir eingöngu um byggingar utan skipulagðra byggingasvæða:

Liður	Málstr.	stofnvara	Jarðstrengur		Loftlina	
			Lágmark kr.	Yfirlengd kr. á m.	Lágmark kr.	Yfirlengd kr. á stólpa
1.	25	1-fasa	—	—	1 200.00	1 600.00
2.	60	3-fasa	—	—	2 400.00	2 800.00
3.	60	3-fasa	3 800.00	220.00	—	—
4.	100	3-fasa	4 900.00	250.00	—	—
5.	200	3-fasa	9 900.00	410.00	—	—
6.	350	3-fasa	17 400.00	560.00	—	—

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stytztu greiðfæra leið til varkassa. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu, stytztu greiðfæra leið að varkassa.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

- Sértaxtar hækka hlutfallslega eins og þeir taxtar, sem þeir byggjast á.
- Söluskattur er innifalinn í verðinu.
- Frá og með 1. marz 1972 innheimtist söluskattur ekki af raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar nr. 76 19. janúar 1970 með síðari breytingum.

lðnaðarráðuneytið, 15. júní 1972.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

15. júní 1972.

Nr. 153.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1972.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1972:

Stórfiskur nr. 1	kr. 71.00
Millifiskur nr. 1	— 66.20
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 58.25
Smáfiskur 60/100 nr. 1	— 53.85

Verð á öðrum gæðaflokkum skal ákveðið í hlutföllum, söluverða.

Verð þessi eru f.o.b.

Verðbil verði 2.5% miðað við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júní 1972.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.